| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-045 | **Verkmenntaskólinn á Akureyri** | |
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | **Hönnun og Textíll (HTL603) Kennsluáætlun (vorönn 2011)** | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 2 | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Nafn kennara:** | **Sveina Björk Jóhannesdóttir** | **Sk.stöfun:** | **SBJ** |
| **Viðtalstímar kennara:** | **miðvikudagur kl 11.20-11.55** | **Netfang:** | sveina@vma.is |

## Áfangalýsing

Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi þemavinnu. Nemendur skila vandaðri hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi dagbókar og hugmyndamöppu þar sem tilgreindar eru forsendur fyrir hugmyndinni, framkvæmd og framvindu verksins auk undirbúnings í tilrauna eða rannsóknarvinnu. Nemendur velja svo í hvaða miðli þeir koma hugmynd sinni á framfæri.

## Áfangamarkmið

Að nemandi:
sé fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum varðandi framkvæmd verksins
geti hugleitt útlit, notagildi, öryggi og áreiðanleika
geti sett fram vinnuáætlun og greint verkþætti
geti unnið vandaða hugmyndavinnu í formi eigin teikninga, prufuvinnu, ljósmynda o.fl.
geti endurmetið hugmyndir sínar og framkvæmd verksins á öllu vinnuferlinu
sé fær um að rýna í eigið verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega
geti komið vinnu sinni á framfæri í formi kynningar og sýningar
hafi fengið innsýn í atvinnusvið fata- og textílhönnunar

## Námsmat

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Vinnuáætlun | Nemandi skipuleggur vinnu annarinnar í samráði við kennara | 5 % |
| Dagbók | Dagbókarfærslur yfir vinnu nemanda við lokaverk | 5 % |
| Skissuvinna | Skissu og hugmyndavinna sett fram á greinagóðan hátt | 15 % |
| Lokaverk | Lokaverk og mappa yfir ferlið | 25 % |
| Lokamat og yfirferð | Yfirferð kennara áfangans og annara kennara brautarinnar | 50 % |

## Fjarvistir

**Skildumæting er í fastar kennslustundir með kennara, að öðru leyti ber nemandi ábyrgð á sinni vinnu.**

## Skipulag annarinnar

- 12. janúar — Fundur
- 19. janúar — Verklýsing skil
- 23. febrúar — Fundur og yfirferð
- 6. apríl — Fullklárað verk skil og fundur, sýningarundirbúningur
- 16.-17. apríl — Sýning, yfirferð
- 27. apríl — Greinagerð, dagbók, hugmyndir, prufur og skissur frá öllu ferlinu skil

## Námsgögn

| Tegund | Námsgögn |
|---|---|
| Bækur | Ýmsar textílfagbækur |
| Tímarit | Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framv. |

## Innkaup

Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og borga fyrir það en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

## Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar
Sveina Björk Jóhannesdóttir

**Dagsetning:**

__________________________ ______________________________

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**